

Ed.

124. Frumvarp

til laga um búfjártryggingar.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 16, með þessari breytingu :

10. gr. hljóðar svo :

Nú er váttryggingarsjóður stofnaður samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða lögreglustjóri nefna til virðingarmenn, 2 eða fleiri, fyrir sjóð-

inn, eftir því sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn ákveðnr nánar, og einn varamaðn fyrir hverja tvo aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripi til váttryggingar og skaðabóta samkvæmt lögnum þessum og nánari ákvæðnum reglugerðar.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða fyrir eitt ár í senn jafnaðarverð til skaðabóta á öllum nantgripnum í hreppnum, án þess að sjerstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðalgrip. Vilji váttryggjandi eigi hlíta því meðalverði, sem þannig er sett, getnr hann á sinn kostnað látið virðingarmenn meta gripi sína og váttrygt þá samkvæmt því mati.

Verði ágreiningnr milli virðingarmanna og váttryggjenda, sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrsknrði til atvinnumálaráðherra.